

MEIS4BS05
Námsáætlun – Vorönn 2022



Kennari	Katrín Harðardóttir, netfang: katrin@vma.is	Sk.st.	KAH
----------------	--	---------------	-----

Áfangalýsing:

Fjallað er um grundvallaratriði tvíhliða bókhalds. Nemandanum er gerð grein fyrir hlutverki bókarans og tilgangi bókhaldsins. Algengustu reikningar eru kenndir fyrst og flokkun þeirra í eignir, skuldir, gjöld og tekjur. Farið í dagbókarfærslur, prófjöfnuð, opnun og lokun höfuðbókar, tengsl hennar við dagbók og gerð efnahags- og rekstrarreiknings. FOB og CIF skilmálar útskýrðir og munurinn á eðli sölu- og innkaupakostnaðar. Farið yfir reglur um virðisaukaskatt og hvernig þeim er beitt í bókfærslunni. Unnið með uppgjör virðisaukaskatts og uppgjörsfærslur, launaútreikninga og launatengd gjöld. Kynnt er tölvubókhald, bókhaldslyklar, fylgiskjöl og varðveisla þeirra og annarra bókhaldsgagna. Farið í afstemmingar og leiðréttingafærslur og lögð áhersla á að nemandinn geti gert grein fyrir ofantöldum þáttum og greint bókhaldslegar upplýsingar. Fjallað er um uppsetningu ársreikninga og helstu kennitölur. Hvernig lesa á úr ársreikningum til að geta metið stöðu fyrirtækja út frá þeim. Lögð áhersla á að nemandinn læri hvar hann getur leitað sér þekkingar um bókhaldstengd málefni og ráðgjöf. Mikil áhersla er lögð á vönduð vinnubrögð nemanda og góðan frágang.

Markmið:

Þekkingarviðmið: Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:
grunnhugtökum bókfærslu og bókhaldsjöfnunni.
helstu lögum um bókhald.
sambandi dagbókar, höfuðbókar, reikningsjafnaðar og efnahags- og rekstrarreiknings.
þekki flokkun, merkingu og varðveislu fylgiskjala.
tölvubókhaldi og reglum þar að lútandi.
mikilvægi afstemminga við uppgjör.
ársreikningum og helstu kennitölum.

Leikniviðmið: Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:
færa dagbókarfærslur og stilla upp prófjöfnuði.
setja upp reikningsjöfnuð, efnahags- og rekstrarreikning.
gera upp viðskipti fyrir ákveðið tímabil með athugasemdum.
gera upp virðisaukaskatt og útbúa virðisaukaskattsskýrslur.
skrá, bóka og bakfæra fylgiskjöl.
útbúa launaseðla og skilagreinar launatengdra gjalda.
lesa úr ársreikningum.



Hæfniviðmið: Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- nýta niðurstöður dagbókar og reikningsjafnaðar til að leggja mat á rekstur fyrirtækisins.
- geta greint upplýsingar úr bókhaldinu og nýtt sér þær til markvissrar upplýsingaöflunar og skýrslugerðar.
- geta nýtt sér upplýsingasiður á netinu um bókhald og ráðgjöf varðandi það.
- geta dregið saman upplýsingar til uppgjors hjá endurskoðanda.
- geta nýtt sér ársreikninga til að meta stöðu fyrirtækja.

Námsgögn:

Öll námsgögn áfangans liggja inni á kennsluvef áfangans á Moodle; fyrirlestrar, glærur, greinar, myndbönd og annað sem kennari setur þar inn ásamt gagnlegum netslóðum.

MEIS4BS05

Námsáætlun – Vorönn 2022



Verkefnaskólinn á Akureyri

Áætlun um yfirferð og fyrirlögn námsmatspáttá:

Tímabil (vikunúmer/lotu númer)	Námsefni (verklegt og bóklegt)	Heimavinna/verkefni	Vægi námsmats- páttá
Vika 3 16.-22. jan.	Bókhaldslögin	Krossaspurninga- verkefni	3%
Vika 4 23.-29. jan.	Dagbókarverkefni	Verkefni	4%
Vika 5 30.-5. feb.	Dagbókarverkefni, FOB – CIF, Höfuðbók	Verkefni	4%
Vika 6 6.-12. feb.	Virðisaukaskattur	Krossaspurninga - verkefni	3%
Vika 7 13.-19. feb.	Dagbókarverkefni - Virðisaukaskattur	Verkefni	4%
Vika 8 20.-26. okt.	Reikningsjöfnuður	Verkefni	4%
Vika 9 27. feb.-5. mars.	Launabókhald	Krossaspurninga- verkefni	3%
Vika 10 6.-12. mars.	Launaútreikningar	Launaseðill	4%
Vika 11 13.-19. mars.	Afstemmingar	Verkefni	5%
Vika 12 20.-26. mars.	Uppsetning ársreikninga – Lestur ársreikninga	Krossaspurninga- verkefni	3%
Vika 13 27. mars-2. apríl.	Uppsetning ársreikninga – Lestur ársreikninga. Efnahagsreikningur.	Uppsetning efnahagsreiknings	5%
Vika 14 3.-9. apríl.	Uppsetning ársreikninga – Lestur ársreikninga. Rekstrarreikningur.	Uppsetning rekstrarreiknings	4%
Vika 15 10.-16. apríl.	Páskafrí		
17.-23. apríl	Uppsetning ársreikninga – Lestur ársreikninga, frh. Rekstrarreikningur.	Uppsetning rekstrarreiknings	4%
24.-30. apríl	Skil á síðustu verkefnum annarinnar		

MEIS4BS05
Námsáætlun – Vorönn 2022

Námsmat og vægi námsmatspáttar:

Matsform:	<input type="checkbox"/> Símat	<input checked="" type="checkbox"/> Lokapróf/valið lokapróf	<input type="checkbox"/> Lokaverkefni
Námsmatspáttir	Lýsing námsmatspáttar	Vægi	
Lokapróf	Nemandi þarf að ná að lágmarki 4 í einkunn á lokaprófi til þess að vetrarvinnan teljist til einkunnar.	50%	
Gagnvirk verkefni	Fjögur gagnvirk krossaspurningaverkefni (3% hvert)	15%	
Verkefni	Níu verkefni. Vægi hvers og eins er í verkefnalýsingu og í áætlun um yfirferð.	35%	
	Samtals:	100%	
<p>Annað: Nemendur hafa viku uppá að hlaupa við verkefnaskil en eftir það er ekki tekið við verkefnum.</p> <p>*Áætlun gerð með fyrirvara um breytingar þar sem fyrirsjáanleikinn er lítil í Covid-inu.</p>			

Dagsetning: 13. jan 2022


Undirritun kennara


Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils